



Erindisbréf umhverfis- og innviðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hlutverk og skipan umhverfis- og innviðanefndar

Umhverfis- og innviðanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn Sambandsins í umhverfis- og innviðamálum sveitarfélaga.

Stjórn Sambandsins skipar sjö fulltrúa í umhverfis- og innviðanefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Skulu þeir annars vegar koma úr hópi kjörinna fulltrúa, þar af einn úr stjórn Sambandsins, og hins vegar úr hópi ráðinna stjórnenda sveitarfélaga. Nefndin kys sér sjálf formann.

Helstu verkefni umhverfis- og innviðanefndar

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar Sambandsins á sviði umhverfis- og innviðamála, t.a.m. á sviði umhverfis- og loftslagsmála, fráveitumála, skipulags- og húsnæðismála, orkumála, samgöngumála o.fl.
- Veita, eftir því sem við á, álit um lagafrumvörp, reglugerðir og opinberar áætlanir eða aðra stefnumótun sem varða umhverfis- og innviðarmál, að beiðni stjórnar eða starfsmanna Sambandsins.
- Vekja athygli á málum sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi Sambandsins, sem og á þróun, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að Sambandi vinni að eða miðli upplýsingum um.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða Sambandsins á sviði umhverfis- og innviðamála.

Boðun funda og fundargerðir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum. Teymisstjóri umhverfis- og innviðateymis Sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara í samvinnu við formann nefndarinnar. Formaður stjórnar fundum nefndarinnar en teymisstjóri gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn Sambandsins til kynningar og birtar á heimasíðu Sambandsins.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir starf í nefndinni, þ.e. tiltekin þóknun fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur Sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
xx. desember 2024

